

Reglur Hvalfjarðarsveitar um kostnaðarþátttöku og leikskóladvöl barna utan lögheimilissveitarfélags



1. gr.

Almennt

Hvalfjarðarsveit býður börnum með lögheimili í sveitarfélaginu leikskóladvöl í sveitarfélaginu, í samræmi við reglur og gjaldskrá.

Í undantekningartilvikum er unnt að óska eftir að Hvalfjarðarsveit greiði tímabundna leikskóladvöl fyrir barn með lögheimili í Hvalfjarðarsveit í öðru sveitarfélagi, hér eftir nefnt viðtökusveitarfélagi.

Í undantekningartilvikum geta börn sem ekki eru með lögheimili í Hvalfjarðarsveit fengið tímabundna leikskóladvöl í sveitarfélaginu.

Beiðnum skv. 2. og 3. mgr. skal beint til fræðslu- og skólanefndar, sem metur umsókn skv. reglum þessum og mælir með afgreiðslu við sveitarstjórn. Hver og ein umsókn skal metin sérstaklega með hagsmunum viðkomandi barns að leiðarljósi og afstaða tekin á málefnalegan hátt. Hafa skal í huga að um undantekningu er að ræða frá þeirri meginreglu að barn sækir leikskóla í því sveitarfélagi sem lögheimili þess er.

2. gr.

Umsókn um kostnaðarþátttöku

Umsókn um kostnaðarþátttöku Hvalfjarðarsveitar vegna tímabundinnar leikskóladvalar barns í öðru sveitarfélagi skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns.

Eftirtalin gögn skulu fylgja umsókn:

- a. Greinargerð um ástæður þess að óskað er eftir leikskóladvöl utan lögheimilissveitarfélags. Þar skal einnig koma fram hvað sótt er um til langs tíma.
- b. Yfirlýsing frá viðtökusveitarfélagi, þar sem leikskóladvöl viðkomandi barns er samþykkt.

Nefndinni er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og/eða foreldra/forráðamanna.

3. gr.

Afgreiðsla umsókna um kostnaðarþátttöku

Beiðni um kostnaðarþátttöku getur m.a. grundvallast á eftirfarandi ástæðum:

- a. Að barn flytji í Hvalfjarðarsveit, en foreldrar/forráðamenn óska eftir að barnið sækir tímabundið leikskóla í sveitarfélagi þar sem það átti lögheimili fyrir flutning.
- b. Mjög sérstökum aðstæðum barns eða foreldris/forráðamanns.

- c. Að barni er ráðstafað tímabundið á fósturheimili samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar eða sérstöku samkomulagi.

Grundvallist umsóknin á a. eða b. lið 1. mgr. og nefndin telji rétt að að mæla með samþykki hennar, skal samþykkið þó ekki vera til lengri tíma en þriggja mánaða. Við sérstakar aðstæður og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, er heimilt að mæla með að fyrra samþykki sé framlengt, tímabundið.

Grundvallist umsókn ekki á neinu framangreindra atriða, skal hún engu að síður metin á málefnalegan hátt með hagsmuni viðkomandi barns að leiðarljósi, en haft í huga að um undantekningu er ræða.

Allar ákvarðanir nefndarinnar skv. þessari grein skulu vel rökstuddar.

4. gr.

Umsókn um tímabundna leikskóladvöl

Umsókn um tímabundna leikskóladvöl barns sem ekki á lögheimili í Hvalfjarðarsveit, skal vera undirrituð af forsjáraðilum barns.

Umsókn skal fylgja greinargerð um ástæður umsóknarinnar og þar skal m.a. koma fram hvað sótt er um til langs tíma.

Nefndinni er heimilt að óska eftir frekari gögnum í þeim tilgangi að upplýsa um aðstæður barns og/eða foreldra/forráðamanna.

5. gr.

Afgreiðsla umsókna um tímabundna leikskóladvöl

Að jafnaði skal samþykkja beiðni um tímabundna leikskóladvöl ef ástæður eru eftirfarandi, en þó skal haft í huga að um undantekningu er ræða:

- a. Nauðsynlegt er að flytja lögheimili barns úr Hvalfjarðarsveit, en foreldrar/forráðamenn óska eftir að barnið sæki áfram, í fyrirfram ákveðinn tíma, leikskóla í Hvalfjarðarsveit. Samþykkið skal þó ekki vera til lengri tíma en þriggja mánaða. Við sérstakar aðstæður og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, er heimilt að framlengja fyrra samþykki, tímabundið.
- b. Barni er ráðstafað tímabundið á fósturheimili í Hvalfjarðarsveit, samkvæmt ákvörðun barnaverndarnefndar eða sérstöku samkomulagi.
- c. Vegna mjög sérstakra aðstæðna barns eða foreldris/forráðamanns. Samþykkið skal þó ekki vera til lengri tíma en þriggja mánaða. Við sérstakar aðstæður og með hagsmuni barnsins að leiðarljósi, er heimilt að framlengja fyrra samþykki, tímabundið.

Grundvallist umsókn ekki á neinu framangreindra atriða, skal hún engu að síður metin á málefnalegan hátt með hagsmuni viðkomandi barns að leiðarljósi, en haft í huga að um undantekningu er ræða.

Allar ákvarðanir nefndarinnar skv. þessari grein skulu vel rökstuddar.

Samþykki Hvalfjarðarsveitar á leikskóladvöl barns, með lögheimili í öðru sveitarfélagi er ávallt bundið þeim skilyrðum að:

- a. Lögheimilissveitarfélag barnsins samþykki kostnaðarþátttöku.
- b. Aðstæður í leikskólanum leyfi tímabundna fjölgun barna.

6. gr.

Samkomulag um greiðslur

Þegar heimild er veitt til kostnaðarþátttöku eða leikskóladvalar, skal semja um greiðslur við viðkomandi sveitarfélag. Miða skal við viðmiðunargjaldskrá sem Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sett, en sú gjaldskrá tekur breytingum árlega. Greiðslur vegna leikskólakostnaðar skulu inntar af hendi mánaðarlega fyrirfram fyrir hvern mánuð eða hluta úr mánuði sem barn er í leikskóla nema sveitarfélög semji sérstaklega um að hafa annan hátt á. Einungis börn með lögheimili í Hvalfjarðarsveit eiga rétt á gjaldfrjálsum tíma í leikskóla og afslætti af fæðisgjaldi sbr. gjaldskrá leikskólans Skýjaborgar. Börn utan lögheimilissveitarfélags greiða því fullt leikskóla- og fæðisgjald.

Ef Hvalfjarðarsveit tekur að sér með reglubundnum hætti að vista börn annars sveitarfélags eða ef börn sem lögheimili eiga í Hvalfjarðarsveit eru vistuð með reglubundnum hætti í tilteknum leikskóla í öðru sveitarfélagi, skal sérstaklega samið um greiðslur vegna þess á milli sveitarfélaganna.

7. gr.

Ágreiningur um kostnaðarþátttöku

Komi upp ágreiningur um greiðslur vegna kostnaðarþátttöku eða leikskóladvalar, sem sveitarfélög geta ekki leyst sín á milli, er hægt að vísa ágreiningi til sérstakrar þriggja manna nefndar. Skilyrði þess að nefndin taki mál til umfjöllunar er að báðir deiluaðilar verði sammála um að vísa því til hennar til umsagnar.

Í nefndinni eiga sæti einn fulltrúi tilnefndur af hvoru sveitarfélagi og einn fulltrúi tilnefndur af sambandinu. Skólamálafulltrúi sambandsins er starfsmaður nefndarinnar.

Þegar nefndin fær mál til umfjöllunar aflar starfsmaður nefndarinnar nauðsynlegra gagna og kannar afstöðu viðkomandi sveitarfélaga til ágreiningsefnisins þ.á.m. hvort grundvöllur sé til sátta milli þeirra. Lýsi bæði sveitarfélögin því yfir að sættir hafi náðst eða samkomulag sé í auglýsni getur nefndin lokið meðferð máls á þeim grundvelli. Það kemur þó ekki í veg fyrir að sama ágreiningsefni verði lagt fyrir nefndina á ný ef úrlausn þess gengur ekki eftir.

Sé sáttagrundvöllur ekki fyrir hendi gerir nefndin tillögu til úrlausnar ágreiningsefnisins. Tillagan skal rökstudd og sett fram með skýrum hætti. Tillaga nefndarinnar er ekki bindandi fyrir hlutaðeigandi sveitarfélög.

Um hæfi nefndarmanna fer skv. 3. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

8. gr.

Synjun umsóknar

Sé umsókn synjað skal umsækjanda tilkynnt það sem fyrst og ástæður synjunar tiltekna. Unnt er að kæra synjunina til ráðuneytis sveitarstjórnarmála á grundvelli 1. mgr. 111. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum. Kæru skal bera fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um synjunina. Leiðbeina skal um kærheimild og kærufresti, sbr. 20. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993, sbr. síðari breytingar.

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 10. febrúar 2015

Samþykkt af Fræðslunefnd 16. apríl 2020

Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar 21. apríl 2020